

262. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 25. maí 2009, kl. 7.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Páll Hilmarsson, Sigurbjörn Rafn Úlfarsson, Þór Sigurgeirsson, Guðfinna Guðmundsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Ómar Stefánsson, framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni G. Hjarðar yfirverkfræðingur og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Samningur sorpsamlaga um framkvæmd svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi.

Málið rætt og frestað til næsta fundar.

2. Breyting á gjaldskrá.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu um breytingu á gjaldi/endurgreiðslu endurvinnsluefna. Vörunúmer 334, 335, 341, 390, 391 og 398.

Stjórn samþykkir neðangreindar breytingar á gjaldskrá sem taka gildi 1. júní 2009.

Flokkur		kr/kg án vsk	kr/kg m vsk	Var m. vsk
334	Sléttur pappi – Afskurður frá prentsmiðjum Baggaður sléttur pappi > 500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt nánara samkomulagi	2,97	3,70	6,23
335	Bylgjupappi – Afskurður frá prentsmiðjum Baggaður bylgjupappi > 500 kg/bagga í 40 feta skipagám á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt nánara samkomulagi	5,04	6,27	7,47

Úrgangur sem ber úrvinnslugjald (341, 390-398)

Flokkur		kr/kg án vsk	kr/kg m vsk	Var m. vsk
341	Umbúðir úr sléttum pappa 0 – 1.000 kg á mánuði 1001 kg og meira á mánuði	0 -13,39	0 -16,67	0 -18,67
390	Filmuplast Litað og/eða áprentað, án aðskotahluta 0 – 250 kg á mánuði 251 kg og yfir á mánuði	0 -2,01	0 -2,50	0 -3,00
391	Plastumbúðir tunnur – fötur – brúsar Loklaust, tómt og án aðskotaefna/hluta.	3,61	4,50	4,00
398	Umbúðir úr bylgjupappa án aðskotahluta 0 – 250 kg á mánuði 251 – 500 kg/mánuði 501 – 1.000 kg/mánuði 1001 kg og yfir á mánuði Baggað filmuplast > 500 kg/bagga í 40 feta skipagámi á höfuðborgarsvæðinu eða FOB útflutningshöfn samkvæmt sérstöku samkomulagi	0 -3,90 -4,89 -6,89 -11,40	0 -4,85 -6,09 -8,58 -14,19	0 -6,85 -8,09 -10,58 -16,19

3. Vinnutímaákvæði kjarasamning.

Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dags. 20.05.2009 vegna vinnutímaákvæðis kjarasamnings/ráðningasamnings í móttökustöð og Álfsnesi.

Stjórn samþykkir breyttan afgreiðslutíma í móttökustöð Gufunesi og urðunarstaðnum í Álfsnesi frá og með 1. september næstkomandi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að segja upp vinnutímaákvæði kjarasamninga og ráðningasamninga í þeim deildum sem breyttur afgreiðslutími snertir.

4. Ábyrgðargjald vegna lagaákvæða.

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 20.05.2009 um ábyrgðartryggingar vegna urðunar. Málið rætt og frestað til næsta fundar.

5. Samstarfssamningur við Sorpstöð Suðurlands bs.

Ræddur samstarfssamningur við Sorpstöð Suðurlands bs dagsettur 22. maí 2009. Stjórn samþykkir samkomulagið samhljóða.

6. Önnur mál.

a) Framkvæmdastjóri kynnir samanburð rekstrar og áætlunar janúar-mars 2009.

b) Framkvæmdastjóri skýrði stöðu á breytingum skipulags í Álfsnesi í tengslum við lóðaumsókn.

c) Minnt á framtíðarfund stjórnar 12.06.2009.

d) Framkvæmdastjóri kynnir að til standi að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á lögum númer 55/2003 meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald varðandi skilagjaldskyldar umbúðir sem sett verði undir kröfu um framleiðendaábyrgð.

e) Framkvæmdastjóri kynnir forval vegna vélavinnu og flutnings frá móttökustöð.

f) Framkvæmdastjóri upplýsir um kostnað við prentun ársskýrslu 2007 og 2008.

g) Ræddar mismunandi reglur um flokkun úrgangs í sveitarfélögum.

h) Stjórnarformaður kynnir stjórn fund sem formaður stjórnar og framkvæmdastjóri munu eiga með íbúasamtökum Leirvogstungu 3. júní 2009 um þróun urðunarstaðarins í Álfsnesi.

Næsti fundur mánudaginn 29. júní 2009 kl. 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Herdís Sigurjónsdóttir
Páll Hilmarsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Sigurbjörn Rafn Úlfarsson
Bjarni Hjarðar

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Björn H. Halldórsson
Þór Sigurgeirsson
Ómar Stefánsson